

Vinur okkar Lubbi

Styrkur veittur 2016

Leikskólinn Kirkjuból í Garðabæ

Ábyrgðarmenn:

Ásta Kristín Valgarðsdóttir

Verkefnistjórar:

Guðrún Matthíasdóttir

Anna Kristín Sveinsdóttir

Lokaskýrsla júní 2018

Markmið

- Að innleiða námsefnið „Lubbi finnur málbein“ eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur
- Að efla og auka hlut markvissrar málörvunar
- Að efla, í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi, vægi læsis og lestrarhvetjandi umhverfi með aukinni áherslu á íslensku málhljóðin, tákn þeirra og bókstafi
- Að veita starfsfólki tækifæri til að fá fræðslu og kynningu á möguleikum námsefnisins
- Að fræða allt starfsfólk leikskólans um málproska barna, hljóðkerfisvitund, framburð, orðaforða, frávík og snemmtæka íhlutun
- Að útbúa hljóðakassa og sögupoka sem styrkja enn frekar málörvunarvinnu. Í hljóðakössum er að finna hluti sem tengjast fyrsta hljóði í orði og því verður auðvelt fyrir kennara að grípa tilbúna kassa í málörvunarstundum



Leiðir sem farnar voru:

- Námskeið hjá höfundum „Lubbi finnur málbein“ fyrir allt starfsfólk leikskólans
- Helstu verkþætti ræddir á skipulagsdegi þ.e. hvernig og hvenær þeir yrðu unnir
- Námsefni keypt á allar deildar þ.e. bók, geisladiskur, stafa- hljóða- og táknsþjöld
- Lubbi (lítill hundur) keyptur á hverja deild
- Hljóðaspjöld hengd upp á öllum deildum
- Unnið var markvisst á tveimur elstu deildunum með námsefnið 1x í viku. Vikulega lagt inn nýtt hljóð/stafur og unnið með hljóðkerfisvitund barnanna og tengt námsefninu. Á yngstu deildinni var byrjað eftir áramót með markvissar stundir vegna aðlögunar
- Allt starfsfólk tók þátt í að útbúa hljóðakassa og var tekinn hálfur laugardagur í verkefnið

- Verkefnastjóri sótti ráðstefnu um „Lubbi finnur málbein“ sem haldin var að hausti 2016 af höfundum námsefnisins
- Verkefnastjóri og hluti starfsfólks sóttu námskeið hjá Kraganum þar sem leikskólinn Jötunheimar á Selfossi kynnti starf skólans, en leikskólinn vinnur eingöngu með Lubba í gegnum allt skólastarfið
- Hluti af nýju starfsfólk sótti námskeið í „Lubbi finnur málbein“
- Sett upp málbein (bein með litlum og stórum staf ásamt tákni) með fyrsta hljóði í nafni viðkomandi barns
- Stafir, tákni og hljóð voru hengd upp á mið- og elstu deild þegar búið var að vinna með viðkomandi hljóð
- Unnið með lögin og textana úr Lubba námsefninu bæði í vinnustundum og söngstundum



Hindranir og frávik:

Það urðu töluverðar breytingar á starfsmannahópnum. Stórt hlutfall af hópnum sem höfðu farið á námskeið í upphafi hættu og inn kom nýtt starfsfólk sem ekki hafði farið á námskeið. Þess vegna náðist ekki að fylgja eftir settum leiðum að markmiðunum að fullu. Sótt var um í þróunarsjóðinn 905.000 en fengum við úthlutað 450.000. Það gerði það að verkum að ekki náðist að fara í vinnu við sögupoka. Einnig hafði það áhrif á gengi verkefnisins að fjórir verkefnistjórar komu að því vegna breytinga í starfsmannahópnum. Það leiddi til þess að utanumhald verkefnisins gekk ekki eins og skildi.

Mat á verkefninu:

Lubbastundirnar gengu vel og börnin sýndu námsefninu mikinn áhuga. Starfsfólkinu fannst efniviðurinn skemmtilegur og einnig börnunum sem kom fram í könnun meðal elstu barnanna. Einnig var mikil hrifning með tónlistardiskinn sem jók ánægju stundanna bæði hjá börnum og starfsfólki. Mikilvægt þykir að samfella sé í Lubbastundunum frá yngstu deild til elstu deildar svo verið sé að byggja ofan á þekkingu hvers aldurstigs. Starfsfólk var sammála um að einnig væri gott að virkja foreldra til þátttöku og gera þá meðvitaðri um tilgang verkefnisins. Í heild var almenn ánægja í starfsmannahópnum með Lubbaverkefnið og komum við til með að nota námsefnið áfram.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks:	450.000.-
Laun:	298.628.-
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:	90.000.-
Gögn:	61.372.-

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Gleði og ánægja barnanna með verkefnið. Aukinn þekking á málhljóðum og stafakunnátta barnanna leyndi sér ekki. Með því að senda starfsfólk á námskeiðið „Lubbi finnur málbein“ og fjárfesta í Lubbanámsefninu fáum við upplýstara starfsfólk um mikilvægi læsis og góð verkfæri til að vinna með í leikskólum.

Áætlað er að kynna námsefnið fyrir nýju starfsfólki í haust. Með því aukum við líkurnar á að námsefnið festist í starfi og styðji mikilvægi læsis í leikskólastarfi.

Stefnt er að því að kynna verkefnið á Menntadegi Garðabæjar á haustdögum 2018.

Garðabær, 15. júní 2018

Guðrún Matthíasdóttir
Anna Kristín Sveinsdóttir